

AUGLÝSING

um friðun í Eldey.


Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa Eldey út af Reykjanesi friðland.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Bannað er að fara í eyna án leyfis Náttúruverndarráðs.
2. Skot eru bönnuð nær eyinni en 2 km.
3. Bannað er að hafa eyna að skotmarki, hvort heldur er af landi, sjó eða úr lofti.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Felld eru úr gildi eldri ákvæði um friðun eyjarinnar.



Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og birtist hún hér með með skírskotun til 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 3. apríl 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson.

AUGLÝSING

um friðlýsing dropsteina.

Samkvæmt heimild í 23. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið, fyrir sitt leyti, að lýsa dropsteina í hellum landsins náttúruvætti. Tekur friðlýsing þessi til allra hella landsins.

Til dropsteinsmyndana teljast bæði dropsteinsdrönglar, sem hanga niður úr hellisþökum og niður með hellisveggjum, svo og dropsteinskerti, sem standa á hellisgölfum og syllum hellisveggja.

Bannað er að brjóta eða skemma á annan hátt umræddar dropsteinsmyndanir.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Felld eru úr gildi eldri ákvæði um vernd dropsteina.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og birtist hún hér með með skírskotun til 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamálaráðuneytinu, 3. apríl 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson.

AUGLÝSING

um náttúruvætti í Eldborg í Bláfjöllum.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa Eldborg í Bláfjöllum náttúruvætti.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Að austan ræður (1) Bláfjallavegur eins og hann er nú. Að sunnan (2) hugsuð lína skemmst 200 m frá rótum Eldborgar frá vegi að suðurenda Drottningar, (3) með hábrún hennar að norðurenda hennar og (4) þaðan til austurs að vegi, 200 m frá rótum hið næsta.

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Óheimilt er að ganga um hlíðar og barma gígsins utan merktra gönguslóða. Enn fremur er hvers konar akstur utan vegar á hinu friðlýsta svæði bannaður.
2. Skylt er vegfarendum að sýna varúð, svo ekki spillist gróður eða aðrar minjar á hinu friðaða svæði í umhverfi eldstöðvarinnar.